Nr. 43/2012
3. desember 2012

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2012

Á vef Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2012 og um stöðu þjóðarbúsins í lok ársfjórðungsins.[1]

Viðskiptajöfnuður mældist hagstæður um 29,4 ma.kr. á ársfjórðungnum samanborið við 52,8 ma.kr. óhagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan. Afgangur í vöruskiptum við útlönd var 21,2 ma.kr. og 34,8 ma.kr. í þjónustuviðskiptum. Jöfnuður þáttatekna var hins vegar neikvæður um 26,6 ma.kr. Viðskiptajöfnuður án áhrifa innlánsstofnana í slitameðferð var hagstæður um 49,6 ma.kr. samanborið við 17,2 ma.kr. óhagstæðan jöfnuð fjórðunginn á undan.

Halli á þáttatekjum er eins og áður að miklu leyti vegna innlánsstofnana í slitameðferð. Reiknuð gjöld vegna þeirra námu 24,9 ma.kr. og tekjur um 4,6 ma.kr. Neikvæð áhrif innlánsstofnana í slitameðferð á þáttatekjujöfnuð nema 20,3 ma.kr. Jöfnuður þáttatekna án áhrifa þeirra er því óhagstæður um 6,3 ma.kr.

Erlendar eignir þjóðarbúsins námu 4.399 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 13.274 ma.kr. Hrein staða við útlönd var því neikvæð um 8.874 ma.kr. og lækka nettóskuldir um 230 ma.kr. á milli ársfjórðunga. Að frátöldum innlánsstofnunum í slitameðferð námu eignir þjóðarbúsins 2.408 ma.kr. og skuldir 3.525 ma.kr. og var hrein staða því neikvæð um 1.117 ma.kr. og hækka nettóskuldir um 190 ma.kr. á milli ársfjórðunga.

Á ársfjórðungnum tóku innlánsstofnanir í slitameðferð um 307 ma.kr. út af reikningum sínum í Seðlabanka Íslands og fluttu á erlenda bankareikninga. Þetta hefur talsverð áhrif á nettóskuldir þjóðarbúsins án innlánsstofnana í slitameðferð. Áhrif þessarar aðgerðar á undirliggjandi stöðu þjóðarbúsins eru hinsvegar engin.

Vegna tæknilegra breytinga urðu þau mistök að fyrirframgreiðslur Seðlabankans og íslenska ríkisins á lánum frá AGS og Norðurlöndunum sem fóru fram í júní voru ekki færðar til lækkunar á erlendri stöðu við síðasta uppgjör. Það hefur nú verið leiðrétt og nam leiðréttingin um 155 ma.kr. til lækkunar á nettóskuldum þjóðarbúsins án innlánsstofnana í slitameðferð.

---

[1] Sjá Hagtölur á http://www.sedlabanki.is

Tafla 1. Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	2011, III	*2011, IV*	*2012, I*	*2012, II*	*2012, III*
Viðskiptajöfnuður	**12,5**	**-44,2**	**-45,0**	**-52,8**	**29,4**
Vöruskiptajöfnuður	34,3	16,1	19,2	8,3	21,2
Þjónustujöfnuður	28,7	-4,8	-6,1	10,0	34,8
Þáttatekjujöfnuður og framlög, nettó	-50,5	-55,6	-58,1	-71,1	-26,6
Fjármagnsjöfnuður	**66,4**	**25,9**	**-1,9**	**-71,4**	**-94,7**
Fjármagnshreyfingar án forða	162,6	136,0	-123,5	-151,8	-418,8
Erlendar eignir, nettó	54,3	345,2	68,1	149,6	-424,9
Erlendar skuldir, nettó	108,3	-209,2	-191,7	-301,4	6,1
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-96,1	-110,1	121,6	80,5	324,1
Skekkjur og vantalið, nettó	**-78,9**	**18,3**	**47,0**	**124,2**	**65,4**
Liðir til skýringar:					
Viðskiptajöfnuður án áhrifa gömlu bankanna	**38,6**	**-20,4**	**-14,6**	**-17,2**	**49,6**

Tafla 2. Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma

	2011, III	*2011, IV*	*2012, I*	*2012, II*	*2012, III*
Erlendar eignir, alls	**4.545**	**4.435**	**4.668**	**4.244**	**4.399**
Bein fjárfesting erlendis	1.394	1.414	1.472	1.533	1.558
Erlend markaðsverðbréf	996	922	918	864	908
Aðrar fjáreignir en forði	1.244	1.052	1.301	995	1.401
Gjaldeyrisforði	912	1.047	977	852	532
Erlendar skuldir, alls	**13.877**	**13.705**	**13.861**	**13.348**	**13.274**
Bein fjárfesting á Íslandi	1.509	1.553	1.666	1.618	1.646
Innlend markaðsverðbréf	2.861	2.553	2.367	2.277	2.032
Aðrar erlendar skuldir	9.507	9.600	9.828	9.454	9.595
Hrein staða við útlönd	**-9.332**	**-9.270**	**-9.193**	**-9.105**	**-8.874**
Liðir til skýringar:					
Hrein staða við útlönd án innláns-stofnana í slitameðferð	**-989**	**-917**	**-934**	**-927**	**-1.117**

Nánari upplýsingar veita Ríkarður Bergstað Ríkarðsson og Pétur Örn Sigurðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.